

# Um stöðu móðurmálskennslu á Íslandi. Hvað er að gerast í kennslu og vinnu með fjölbreytt móðurmál á Íslandi í dag?

Fríða Bjarney Jónsdóttir (Verkefnastjóri/ráðgjafi í fjölmenningu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar)

## Glæra – Móðurmál og tvítyngi:

---

Sjötíu prósent jarðarbúa er tví- eða fjöltyngdur og notar að jafnaði fleiri en eitt tungumál á degi hverjum. Í alþjóðlegu samhengi er því óhætt að segja að tvítyngi sé „normið“ en það að nota einungis eitt tungumál í daglegum samskiptum er miklu miklu sjaldgæfara.

Nokkrar skilgreiningar eru til á því hvað sé tvítyngi og hvað sé móðurmál en yfirleitt er talið að móðurmál barns sé fyrsta mál þess, málið sem því er tamast og talað er á heimili þeirra en tvítyngi/fjöltyngi felist í því að þekkja og nota fleiri en eitt tungumál í daglegu tali. Þetta er þó ekki alltaf svona einfalt því móðurmál margra tvítyngdra barna getur verið tvítyngi eða fjöltyngi. Það á t.d. við um börn sem alast upp við það frá fæðingu að pabbi talar eitt tungumál, mamma talar annað tungumál og þriðja tungumálið á heimilinu er samskiptamál fjölskyldunnar. Foreldrar sem ala börnin sín upp í flóknu málumhverfi verða oft óruggir varðandi það hvaða tungumál þeir eiga að tala við börnin sín sérstaklega ef þeir fá ekki til þess stuðning frá samfélaginu og fagfólki en aldrei undir neinum kringumstæðum ætti að ráðleggja foreldrum að hætta að tala móðurmál sitt við börnin. Líklegt er að þá dragi úr samskiptum en samskipti og samræður við foreldra eru börnum á máltökuskeiði bráðnauðsynleg fyrir þroska máls og vitsmuna.

## Glæra – móðurmál og tvítýngi

---

Rannsóknir hafa sýnt fram á að móðurmálið sé undirstaða alls annars tungumálanáms og því sterkara sem móðurmálið sé því auðveldara eigi börn með að læra annað mál. Það er þarf því að vinna markvisst í að viðhalda og styrkja móðurmál barna frá upphafi ekki síst þegar komið er inn í íslenskt málumhverfi í leik- eða grunnskóla. Sé það ekki gert getur það haft neikvæð áhrif á þróun læsis og námsframvindu í íslensku sem öðru máli og tungumálanámi almennt. Sú neikvæðu áhrif geta meðal annars falist í því að barnið skipti um mál, hætti smátt og smátt að tala móðurmálið og fari að tala meirihlutamálið sem getur haft mörg vandamál í för með sér ekki síst fyrir samskiptin í fjölskyldunni og um leið þroska barnsins.

Hagstofa Íslands hefur fylgst með því síðastliðin 15 ár hvaða móðurmál börn af erlendum uppruna á Íslandi tala. Fyrstu tölurnar um börn á leikskólaaldri eru frá 1998 en frá þeim tíma hefur börnum með annað móðurmál en íslensku í leikskóla fjölgað fyrir utan 2008 þegar börnunum fækkaði í fyrsta sinn. Ljóst er að gífurleg breyting hefur orðið á samsetningu barnahópsins í leikskólum og grunnskólum landsins á örfáum árum en það helst í hendur við þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið á Íslandi. Réttmæti þessara tölulegu upplýsinga er þó ekki alveg óvægjanlegt þar sem ólíkt er eftir sveitarfélögum og skólastigum hvaða skilgreiningar eru lagðar til grundvallar þegar kallað er eftir upplýsingum um móðurmál og uppruna barna.

## Glæra – leikskólar á Íslandi

---

Árið 1998 voru börn á leikskólaaldri með annað móðurmál en íslensku 572 en árið 2011 hafði þeim fjölgað í rúmlega 1900 á landinu öllu. Af þeim eru tæp 660 börn með pólsku sem móðurmál en er það fjölmennasta erlenda tungumálið líkt og undanfarin ár. Til samanburðar má geta þess að í Reykjavík hefur verið

kallað eftir upplýsingum um fjölda barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar frá því fyrir síðustu aldamót. Þar hefur verið spurt um fjölda barna sem eiga annað eða báða foreldra erlenda. Árið 2011 voru börnin í Reykjavík tæplega 1100 en þar af 600 börn með báða foreldra erlenda og má gera ráð fyrir að þau börn alist upp í öðru málumhverfi en íslensku.

### Glæra- grunnskólar á Íslandi

---

Í grunnskólum landsins voru nemendur með annað móðurmál en íslensku 377 árið 1997 en hafði árið 2011 fjölgað í 2417. Af þeim voru tæplega 800 börn með pólsku sem móðurmál en þar líkt og í leikskólanum tala flest börnin pólsku. Í grunnskólum Reykjavíkur hefur undanfarin ár verið óskað eftir upplýsingum um nemendur sem þurfa sérstakan stuðning vegna íslensku en upplýsingar um fjölda nemenda af erlendum uppruna eða með annað móðurmál en íslensku í heild ekki legið fyrir. Sótt var um fjármagn vegna íslenskustuðnings fyrir 732 nemendur á síðasta ári en eins og kemur fram í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs eru nemendur með annað móðurmál mun fleiri.

### Glæra Samtökin móðurmál

---

Samtökin Móðurmál urðu til árið 1994 af frumkvæði foreldra, en voru stofnuð formlega árið 2001. Tilgangur samtakanna er að skapa vettvang fyrir móðurmálskennslu og umræðu um tvítýngi. Í vetur starfa 15 tungumálahópar innan samtakanna auk þess sem samstarf er við Pólska skólann en börn í móðurmálskennslu á vegum þessara aðila eru í kringum 300. Víða á landsbyggðinni eru kennd móðurmál auk þess sem í Reykjavík er kennd franska á vegum Alliance française og þýska á vegum Goethe institute þá eru norðurlandamálin kennd af öðrum aðilum en móðurmálssamtökunum.

Móðurmálssamtökin héldu upp á 10 ára afmæli sitt síðastliðið vor og hafa alla tíð átt stuðning frá Vigdísar Finnbogadóttur vísan en hún er verndari samtakanna. Móðurmálssamtökin eru foreldrarekin og hafa á undanförunum árum verið ötul við að kynna starfsemi sína og hafa nýir móðurmálshópar orðið til vegna aukinnar þarfar fyrir móðurmálskennslu þeirra barna sem hér búa. Samtökin eiga í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg sérstaklega, skóla- og frístundasvið, Borgarbókasafn og mannréttindaskrifstofu en nú um stundir fer móðurmálskennsla að mestu leiti fram á laugardögum í Hagaskóla og leikskólanum Hagaborg auk þess sem hóparnir starfa í Fellaskóla, Neskirkju, Landakotsskóla, Gerðubergi og í Keflavík. Í samtökunum fer fram afar dýrmætt og mikilvægt starf sem ég tel að styðja þurfi við á sem fjölbreyttastan hátt ekki síst á meðan skólasamfélagið sinnir ekki móðurmálskennslu. Þá er að mínu mati sérlega ánægjulegt að samtökin leggi stöðugt meiri áherslu á að byrja móðurmálskennsluna sem fyrst þannig að ung börn geti komið með foreldrum sínum og leikið og lært á móðurmálinu. Það hefur mjög mikið að segja enda er máltakan samofin öllu þroskaferli barna og of seint að byrja á móðurmálskennslu þegar formlegt nám hefst í grunnskóla.

### Glæra – bæklingur móðurmálssamtökin

---

Samtökin gáfu á árinu út bæklinga í samstarfi við Reykjavíkurborg um móðurmál og tvítyngi. Um er að ræða kennara- og foreldrabæklinga um tvítyngi sem er búið að dreifa í alla grunnskóla í Reykjavík. Bæklingar eru á þrettán tungumálum og innihalda stutta kynningu á félaginu, upplýsingum um mikilvægi móðurmáls og tvítyngi auk einfaldra upplýsinga og ráðlegginga til foreldra og kennara um það hvernig hægt sé að viðhalda og byggja á móðurmálum barna bæði í námi og í samskiptum við fjölskyldur.

Mig langar að koma aðeins aftur að mikilvægi þess að samtökin eigi sér bakhjarl í frá Vigdísar en eins og flestir líklega vita hefur stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í

erlendum tungumálum verið starfrækt um skeið. Nú hefur verið samþykkt að byggja húsnaði yfir starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar á Íslandi nokkuð sem vafalítið mun stórefla virðingu fyrir fjölbreyttum móðurmálum og mikilvægi þeirra eða eins og segir á heimasíðu stofnunarinnar: þá hafa „Alþjóðasamskipti og samvinna þjóða og menningarsvæða aldrei skipt meira máli en á okkar tímum“. Í tungumálamiðstöðinni verður sýningarrými þar sem nútímatækni verður nýtt til að gefa börnum og fullorðnum færi á að upplifa ólík tungumál og menningarlegt samhengi þeirra. Þannig mun stofnunin rækta skilning og umburðarlyndi fyrir ólíkum menningarheimum og tungumálasamfélögum. Það er mín ósk að slík stofnun geti orðið börnum og fullorðnum á Íslandi til framdráttar í formi rannsókna, fræðslu og ráðgjafar til samfélagsins alls um móðurmál og tvítýngi og hlakka til að sjá möguleikana og þann styrk sem slík stofnun getur falið í sér.

### Glæra – fjölbreytt móðurmál í leik og grunnskóla

---

Bæði leikskóli og grunnskóli gegna því mikilvæga hlutverki að kenna börnum íslensku þó að námsumhverfi þessara skólastiga sé um margt ólíkt. Í leikskólanum fer fram óformlegt nám í gegnum leik í námsumhverfi þar sem markmiðið er að efla og styrkja alla þroskaþætti barnsins jafnt og þétt. Máltaka og nám annars máls hjá börnum á leikskólaaldri er þroskaferli þar sem tungumálið lærist í gegnum þátttöku, samskipti og samræðu við jafnaldra og fullorðna í öllum þáttum leikskólastarfsins. Slíkt nám þarf að vera samofið allri þeirri reynslu sem barnið gengur í gegnum frá degi til dags og þurfa leikskólakennarar að hafa þekkingu á því hvernig máltaka og þróun málproska og læsis fer fram hjá tvítýngdum börnum líkt og þeim börnum sem hafa íslensku að móðurmáli. Í grunnskólanum er námið orðið mun formlegra enda

markvisst farið að kenna börnum lestur og aðrar námsgreinar með auknum kröfum um próf og mælingar á framförum.

Um leið og bæði skólastigin sinna íslenskukennslu þurfa þau að gangast undir þá áskorun að styðja við móðurmál barnanna á margvíslegan hátt, t.d. með því að virða og vekja athygli á ólíkum tungumálum og veita virkan stuðning við móðurmál barnanna sjálfra. Þekking, skilningur, færni, viðhorf og gildi nemenda eru bundin í móðurmáli og menningu þeirra og að hafna því jafngildir því að hafna nemandanum sjálfum. Kennarar þurfa því að finna leiðir til að leysa þessa bakgrunnspætti úr læðingi svo að nemendur geti byggt á þeim nýja þekkingu og færni. Til þess geta kennarar notað ýmsar leiðir en grundvallaratriði, sama hvort um er að ræða barn í leikskóla eða grunnskóla er að byrja á því að vera í góðu samstarfi við foreldra og styrkja þá í því hlutverki sínu að efla og viðhalda móðurmáli. Einnig að gefa foreldrum stöðug tækifæri til þess að fylgjast með námi og skólagöngu barna sinna og hjálpa þeim við að byggja á móðurmáli og reynslu t.d. með því að skoða saman á móðurmálinu viðfangsefni sem tengjast því sem verið er að gera í náminu. Slík samræða á móðurmáli um atriði sem verið er að læra á íslensku hjálpar til við að dýpka þekkingu barna á viðfangsefninu og eykur um leið möguleika á samskiptum við foreldra sem byggja á orðaforða sem er ofar og utan við daglegan orðaforða barnanna.

Athyglisvert er að skoða góðan árangur barna í grunnskólum erlendis sem hafa breytt aðferðum sínum þegar kemur að því að kenna annað mál. Í þessum skólum er reynt að leggja mat á það í hvaða námsgrein börnin standa sig best þegar þau hefja grunnskólanám og nýja tungumálið kennt að stórum hluta í gegnum þá námsgrein og í samvinnu við börnin í bekknum í stað þess að einblína á kennslu annars máls utan við það sem gerist í kennslustofunni. Með því er reynt að tryggja að nemandinn geti nýtt móðurmál sitt og þekkingu til þess að byggja ofan á í námi annars máls. Það er athyglisvert að skoða þetta í

samanburði við þær aðferðir sem eru notaðar hérlendis en í rannsókn Huldu Karenar Daníelsdóttur ofl. frá árinu 2010 þar sem grunnskólakennarar á landinu öllu voru spurðir um ýmislegt sem viðkemur kennslu barna með annað móðurmál en íslensku kom fram að 63% grunnskólakennara á landinu öllu litu á kennslu þessara nemenda sem sérkennslu.

Það eru þó margir kennarar sem styðja við móðurmál barna og leita leiða til að vinna með það en í sömu rannsókn kom fram að 85,5% kennara sagðist hvetja foreldra til að viðhalda móðurmáli barna sinna. Stór hluti kennara eða um 71,8% sagði að foreldrar væru hvattir til að aðstoða börn sín við að lesa á móðurmálinu og helmingur kennaranna sagðist hvetja foreldra til þess að styðja þá með því að útvega þeim kennslu-, fræði- eða yndislestrarbækur á eigin móðurmáli. Þá sagðist meirihluti kennara reyna með ýmsum hætti að nálgast námsefni á móðurmálinu eða á netinu, íslenskum bókasöfnum eða hjá foreldrum og nemendum sjálfum.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir um nemendur með annað móðurmál en íslensku að þeir eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og að með henni sé stefnt að virku tvítyngi þeirra. Þá segir að grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Í rannsókn Huldu Karenar var spurt um þessa þætti og sagði rétt rúmur helmingur (53,3%) kunnáttu í móðurmáli alltaf eða stundum viðurkennda en tæpur fimmtungur. 28% kennara sagði hinsvegar kunnáttu nemenda í móðurmáli aldrei vera viðurkennda sem hluta af skyldunámi í stað annars tungumáls. Það er því mikið starf óunnið og mikilvægt að fá ráðuneyti mennta- og menningarmála sem og fræðasamfélagið inn í umræðu um það hvernig staðið skuli að móðurmálskennslu á Íslandi.

Í nýlegri fyrirspurn til grunnskóla á landsbyggðinni kom í ljós að í sumum skólum er verið að kenna móðurmál nemendanna innan skólans og margir nýta tungumálabeckingu kennara sem starfa við skólana. Oftast virðist kennsla fara fram á pólsku og greinilegt að margir skólar notfæra sér Tungumálaverið í Laugalækjaskóla en þar er boðið upp á netnám í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á landinu öllu. Staðbundin kennsla fer fram í Tungumálaverinu í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í 7. og 8. bekk. Þá eru margir sem nýta sér þann samskiptavettvang sem Tungumálatorgið er en með nýlegum samstarfssamningi um Menntamiðju er tryggð áframhaldandi þróun á þeim mikilvæga upplýsingamiðli sem Tungumálatorgið er fyrir kennarasamfélagið allt.

Þrátt fyrir að ekki sé lögð áhersla á það í leikskólalögum að kenna og örva móðurmál barna í leikskólum er margt gert til þess að styðja við og vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum í leikskóla. Það er þó mjög miður að þess hafi ekki verið gætt í lögum um leikskóla og í aðalnámskrá leikskóla að fjalla um mikilvægi fjölbreyttra móðurmála enda eru leikskólaárin dýrmætasti tíminn í þróun máls og þeirra þátta sem mest áhrif hafa á læsi og frekara nám. Misjafnt er hvernig hugað hefur verið að þessum þætti í leikskólum en í Reykjavíkurborg hefur þetta verið einn af áhersluþáttunum í starfi leikskólanna skv.

Fjölmenningarstefnu fyrir leikskóla sem fyrst var gefin út 2001 og endurskoðuð og endurútgefin 2006. Í tengslum við það var gefinn út bæklingurinn „Tvö þrjú fjögur tungumál, spurningar og svör fyrir fjöltyngdar fjölskyldur“ sem afhentur er foreldrum í leikskólabyrjun og bæði leikskólar og grunnskólar á landsbyggðinni hafa nýtt sér. Einnig hafa leikskólar frá árinu 2007 geta nýtt sér hugmyndir og fjölbreyttan stuðning á fjölmenningarvefnum [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) þar sem m.a. er að finna dæmi um verkefni með móðurmál sem hafa verið unnin í leikskólum. Þá hefur um árabíl verið nýtt þekking og reynsla þeirra fjölmörgu kennara og starfsmanna í leikskólum borgarinnar sem tala önnur



tungumál en íslensku og nú er í gangi tilraunaverkefni með pólskumælandi kennara sem fer á milli leikskóla líkt og farkennari eða hlaupandi ráðgjafi til þess ætlaður að styðja við pólskumælandi börn og foreldra þeirra.

Ekki verður dregið úr mikilvægi þess að kennarar á öllum skólastigum geti sótt sér ráðgjöf, þekkingu og símenntun varðandi kennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Ég legg hinsvegar áherslu á þann grundvallarþátt sem jákvætt viðhorf og miklar væntingar skólasamfélagsins til barna með annað móðurmál en íslensku er og tel það hafa mikil áhrif á möguleika barna til að ná árangri.

### Glæra Tölum saman söguhringur kvenna,

---

Í lokin langar mig til að vekja athygli á nokkrum verkefnum þar sem fjölbreytt móðurmál eru í brennidepli. Mikilvægt er að samfélagið allt, stjórnarsýslustofnanir þess, fjölmiðlar, menningarstofnanir og aðrir átti sig á þeim verðmætum sem búa í einstaklingum sem auðga menningu okkar og samfélag svo um munar og finni í samstarfi við þá leiðir til að vekja athygli á og vinna með móðurmál. Fyrst ber að nefna Borgarbókasafnið sem er líklega eina menningarstofunin á landinu sem hefur yfir að ráða verkefnastjóra í fjölmenningu en Kristín R. Vilhjálmsdóttir hefur í verkefnum á vegum safnsins sýnt fram á mikilvægi móðurmálsins. Dæmi um verkefni eru fjölskyldumorgnar þar sem foreldrar eru m.a. fræddir um mikilvægi móðurmáls, sögustundir á fjölbreyttum móðurmálum, lifandi tungumálatorg, kynningarmyndbönd um bókasafnið og fleira. Þá hefur Kristín unnið að verkefninu söguhringur kvenna í samstarfi við félag kvenna af erlendum uppruna. Einnig hefur leikskólum á höfuðborgarsvæðinu í nokkur ár boðist að fá lánað koffort með bókum sem

foreldrar geta tekið með heim úr leikskólanum og er sérstaklega hægt að óska eftir bókum á fjölbreyttum tungumálum.

Í nokkur ár hefur verið í gangi verkefnið bækur og móðurmál sem Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi kom af stað árið 2002 en það fólst í að bókasöfn um landið allt hófu að safna bókum á fjölbreyttum tungumálum og tóku að sé að vera n.k. móðursöfn tungumála, má nefna að pólska bókasafnið er staðsett á Selfossi. Nýjasta bókasafnið með bókum á öðrum tungumálum en íslensku er vafalítið tékkneska bókasafnið sem opnaði á dögnum og er með um 400 bókartitla á sínum snærum þar af 100 í aðalsafni borgarbókasafns.

### Glæra – Gaman saman

---

Árið 2010 hófst verkefnið Gaman saman í leikskólanum Garðaborg þar sem pólskumælandi fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu hafa hist með ung börn sín. Markmiðið er að efla tengsl á milli fólks og menningarlega vitund um leið og börnin læra og leika sér á móðurmáli sínu. Þátttaka á þessum dögum hefur verið mjög mikil og er verkefnið enn í gangi. Árið 2011 veitti þróunarsjóður innflytjendaráðs styrk til þess að fara af stað með fleiri slík verkefni og síðasta ár hittust spænskumælandi fjölskyldur á gaman saman í leikskólanum Nóaborg. Á Barnamenningarhátíð 2012 leiddu síðan þessir hópar saman hesta sína ásamt Borgarbókasafni og buðu upp á sannkallaða menningarveislu með íslenskum, spænskum og pólskum uppákomum en um 300 manns sóttu viðburðinn. Nýjasta Gaman saman verkefnið er farið af stað í leikskóla á Reyðarfirði en þar býr kona af pólskum uppruna sem kynntist verkefninu í Garðaborg og tók frumkvæðið fyrir austan.

### Glæra Ástarsaga úr fjöllunum

---

Á Barnamenningarhátíð var ennfremur lagt upp úr því að virkja foreldra barna með annað móðurmál en íslensku í Breiðholti þegar Gerðuberg sýndi

skemmtilegt frumkvæði og nýtti Ástarsögu úr Fjöllunum sem Möguleikhúsið sýndi á hátíðinni. Útbúið var bréf til leik- og grunnskólabarna á 11 tungumálum þar sem sagt var frá ævintýrinu og foreldrum gefinn kostur á að ræða efni þess á móðurmáli barnanna til þess að dýpka enn frekar upplifun þeirra af sýningunni.

### Glæra Draumalandið

---

Síðast en ekki síst má nefna skemmtilegt dæmi um vinnu með móðurmál þegar leikskólar í borginni fengu á nýliðinni lestrarhátíð í Reykjavík leikskólar Vögguvísuna Draumaland að gjöf. Um leið og vísan fór til leikskólanna var sent bréf til foreldra á íslensku, ensku og pólsku þar sem þeir voru hvattir til þess að kenna börnum sínum vögguvísur úr sinni bernsku og leika sér með texta og tóna. Í kjölfarið barst mér bréf frá pólskumælandi foreldrum barns í leikskólanum Mýri þeim Aleksöndru og Marcin Cieślińscy sem sögðust hafa þýtt textann á íslensku og tekið upp flutning Marcin.

Slíkt frumkvæði foreldra er fullkomið dæmi um það hversu mikið við getum grætt á samvinnu og samstarfi og þekkingu hvers annars en þegar Draumalandið var frumflutt með leikskólabörnum á íslensku kom Marcin og flutti það á pólsku. Mig langar að lokum til að leyfa ykkur að sjá myndbrot úr fréttum frá frumflutningi á Draumalandinu sem og óska þess að við séum bara rétt að byrja að kynnast öllum þeim frábæru tækifærum sem felast í því að kunna og þekkja fjölbreytt móðurmál

, 26.50 <http://www.ruv.is/sarpurinn/frettir/15102012-27>

takk fyrir.

Heimildir

Birna Arnbjörnsdóttir

Hulda Karen Daníelsdóttir ofl.

Fríða Bjarney Jónsdóttir Krítin

Hagstofan

Renata grein í Málfríði

Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs rvk.

Spurningar og svör fyrir fjöltyngdar fjölskyldur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum <http://vigdis.hi.is/>